



Alþingi, nefndasvið

Reykjavík, 25. mars 2021

Umsögn um frumvarp til laga um brottfall og breytingu á ýmsum lögum og ákvæðum um presta, trúfélög og lífsskodunarfélög (sjálfstæði kirkjunnar) 507. mál, þskj. nr. 853, 151. löggjafarþing 2020 – 2021.

Vísað er til erindis frá nefndasviði Alþingis, dags. 18. mars 2021, þar sem gefinn er kostur á að veita umsögn um ofangreint mál.

Þann 6. september 2019 var undirritaður svonefndur viðbótarsamningur íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um endurskoðun á samkomulagi um kirkjujarðar og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997 o.fl. Í inngangi viðbótarsamningsins er gerð grein fyrir þeim markmiðum sem samningsaðilar stefndu að með gerð samningsins.

Meginatriðin eru þau að einfalda framkvæmd framangreinds samkomulags frá 10. janúar 1997 og að auka sjálfstæði þjóðkirkjunnar í fjármálum og starfsmannamálum sínum. Í því skyni skyldi m.a. einfalda löggjöf um þjóðkirkjuna. Er nánar gerð grein fyrir því hvaða lagabreytingum skuli stefnt að, annars vegar í 7. gr. viðbótarsamningsins og hins vegar í viljayfirlýsingu samningsaðila sem fylgir samningnum. Samningsaðilar hafa unnið að framkvæmd lagabreytinganna og hafa tvívegis verið samþykkt lög á Alþingi í því skyni. Annars vegar er um að ræða lög um breytingu á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (viðbótarsamningur íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar), nr. 153/2019, sem öðluðust gildi 1. janúar 2020. Hins vegar lög um breytingu á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, og fleiri lögum og um brottfall laga um kirkjumálasjóð (viðbótarsamningur íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar), nr. 95/2020, sem öðluðust gildi 23. júlí 2020.

Dómsmálaráðherra hefur nú lagt fram frumvarp til laga um þjóðkirkjuna, 587. mál, þskj. nr. 996, 151. löggjafarþing 2020 – 2021. Frumvarpið hafði áður hlotið umfjöllun og samþykki kirkjupings þjóðkirkjunnar. Verði það frumvarp samþykkt sem lög frá Alþingi og hljóti staðfestingu forseta Íslands má líta svo á að búið sé að efna viðbótarsamninginn hvað það varðar að ná fram þeim markmiðum samningsaðila viðbótarsamningsins sem að framan greinir.

Frumvarp það sem hér er til umfjöllunar felur í sér róttækar breytingar á stöðu kirkjunnar. M.a. er lagt til að mestur hluti löggjafarvalds um kirkjuna falli brott og að innheimtu sóknargjalda verði hætt. Þá er lagt til að frumvarpið, verði það að lögum, öðlist gildi þegar í stað.

Óskað er eftir að Alþingi virði það, sem um hefur verið samið og unnið hefur verið eftir af hálfu bæði meiri hluta löggjafarvalds og framkvæmdavalds annars vegar og kirkjunnar hins vegar, frá gerð viðbótarsamningsins. Því fái frumvarp þetta ekki framgang.

Í 1. gr. – 21. gr. frumvarpsins er lagt til að ýmsar réttarreglur, einkum fornar, falli brott. Ákvæðin eiga sér samsörun í 13. gr. frumvarps dómsmálaráðherra til laga um þjóðkirkjuna. Þó er ekki að finna þar ákvæði 16. gr. og 20. gr.

Virðingarfyllst, f.h. biskups Íslands



Guðmundur Þór Guðmundsson
Skrifstofustjóri Biskupsstofu